


Dalalæðan

1. tbl. 19. árg., 27. janúar 2006



Hér má sjá prestsetrið á Mosfelli sem byggt var um 1930. Jón Helgason biskup málaði þessa vatnslitamynd árið 1932 en séra Hálfðan Helgason sonur hans bjó þá hér ásamt fjölskyldu sinni. Árið 1954 flutti séra Bjarni Sigurðsson og fjölskylda hans í húsið en það var rífið um 1960 þegar nýr prestsbústaður var reistur uppi á gamla bæjar- og kirkjuhólnum. Húsið lengst til vinstri, sem var byggt sem fjós, stendur enn og er notað sem áhaldageymsla fyrir kirkjugarða Mosfellsbæjar. Eigandi myndarinnar er Marta María Hálfðanardóttir frá Mosfelli.

Dalbúar fyrr og nú!

Fjölmönnum á porrablótið í Hlégarði 28. janúar.
Húsið opnar kl. 19 með Braki og brestum.

- - - - Leiðari - - - -

Helgufoss

Þinn feiknasterki máttur mikill er - mælt hann enginn hefur ennþá hér, því kveður þú svo frjáls í fogrum sal, þó fært þú getir ljós um Mosfellsdal.

Þannig orti Jörunn Halldórsdóttir (1891-1980) saumakona um Helgufoss undir Grímannsfelli. Hún sá fegurð fossins meðal annars birtast í rafmagninu frá honum sem gæti lýst upp hús í Mosfellsdal.

Vísunni er kastað hér fram í ljósi umræðunnar um virkjunarmál að undanförunu sem sumir kalla vatnaskil. Eftir einarða virkjanastefnu virðast yfirvöld hafa snúið við blaðinu að einhverju leyti og til dæmis er líklegt að Þjórsárverum verði þyrmt.

Verðmætamat er fljótt að breytast. Dalbúar þurfa stærri vatnsföll en Köldukvísl til að lýsa upp híbýli sín og engum dettur í hug nú á dögum að virkja Helgufoss enda



Helgufoss.

er hann ein af náttúruperlum sveitarinnar. Jörunn saumakona var alin upp í Bringum og kallar fossinn æskuvin sinn:

Sá ég þig í sólarljósi oft og sá þinn uða bera hér við loft. Þá heyrði ég fagra hörpusláttinn þinn, því há er raust þín, æskuvinur minn.

Bjarki Bjarnason.



Sími: 586 8080 Fax: 586 8081

GK
Snyrtistofa

IVERHOLTI 2.
SÍMI: 534 - 3424

Dalalæðan

1. tbl. 19. árg., 27. janúar 2006.

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Auglýsingar: Gísli Snorrason, Guðrún Karlsdóttir og Helgi M. Karlsson.

Forsíðumynd: Jón Helgason.

Umbrot: Karl Tómasson.

Prentun: Prentmet ehf.

Dalalæðan er prentuð í 250 eintökum. Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

Merkisafmæli á árinu 2006

85 ára

Jóel Kristinn Jóelsson í Reykjahlíð, 22. janúar.

80 ára

Sigurður Narfi Jakobsson í Reykjadal, 7. maí.

75 ára

Árni Reynir Hálfdanarson frá Mosfelli, 11. janúar.
Stefán Scheving Thorsteinsson í Árvangi, 22. desember.

70 ára

Þórir Ólafsson frá Varmalandi, 27. janúar.
Bjarni Bjarnason á Hraðastöðum, 2. júní.
Þuríður Hjaltadóttir á Röðli, 27. júlí.

60 ára

Jón Þorsteinsson á Mosfelli, 19. febrúar.
Sigríður Anna Þórðardóttir á Mosfelli, 14. maí.
Anna Steinarsdóttir í Brekkukoti, 21. júní.
Jóhanna Magnúsdóttir á Dalsá, 31. ágúst.
Gísli Ársæll Snorrason í Brekkukoti, 9. október.


50 ára

Guðrún Indriðadóttir frá Víðigerði, 8. febrúar.
Elsa Hákonardóttir frá Grund, 24. febrúar.
Hafdís Heiðarsdóttir frá Röðli, 10. október.
Arndís Jóhannsdóttir frá Dalsgarði, 12. október.

*Dalalæðan óskar þessu ágæta fólki til hamingju.
Fólk er beðið um að láta formann félagsins vita
af stórafmælum ársins 2007.*

Hjónaríma frá 1913

Í Dalalæðunni fyrir nokkrum árum birtist hluti af hjónarímu úr Mosfellssveit frá 1913. Hún er að öllum líkindum ort af Birni Bjarnarsyni bónda og hreppstjóra í Grafarholti. Hér verður þráðurinn tekinn upp þar sem frá var horfið og byrjað á ábúendum í Bringum.



Halldór Jónsson í Bringum.

Bringur merki bóndans verkin sýna, Halldór bætir vang og vé. Vilborg lætur stað í té.


Á þessum tíma bjuggu í torfbæ í Bringum Halldór Jónsson (1857-1921) og Vilborg Jónsdóttir (1855-1945). Um þau sagði Halldór Laxness í bók sinni *Í túninu heima*: „Halldór var kátastur maður í sveit, en Vilborg hans talin vitur kona. Hún var slík kona að þó hún geingi þrjónandi langar bæarleiddir yfir holt og hæðir og jafnvel vatnsföll stórgrýti og þýfi, þá varð aldrei hjá henni lykkjufall.“

Hraða- stöðugt - staða grund að yrkja, Magnús, hvetja hölda kann, Herborg letur ekki mann.

Á Hraðastöðum bjuggu Magnús Ólafsson (1858-1935) og Herborg Bjarnadóttir (1858-1930). Árið 1913 var torfbær á Hraðastöðum en nokkrum árum síðar var reist þar íbúðarhús sem enn stendur og er eitt elsta hús sveitarfélagsins. Magnús var sonur Finnbjargar og Ólafs á Hrisbrú sem koma mikið við sögu í *Innansveitarkroniku*. Afkomendur Magnúsar og Herborgar búa enn á Hraðastöðum.


Helgadal um herma skal í bögu, jafnan skýr með jóðin mörg Jón þar býr og Ingibjörg.

Jón Jónsson (1873-1918) og Ingibjörg Jónsdóttir (1874-1948) bjuggu fyrst á Mosfelli en sóknarpresturinn bjó þá á Lágafelli. Þau fluttu í Helgadal árið 1905 og byggðu þar nýtt íbúðarhús. Árið 1918 dundu miklar hörmungar yfir bæinn þegar þau hjónin veiktust af spænsku veikinni. Jón lést en Ingibjörg fæddi andvana tvíbura. Alls eignuðust þau 16 börn. Ingibjörg stóð áfram fyrir búi ásamt syni sínum Guðjóni Sigurði (1902-1997).



Jón og Ingibjörg í Helgadal.

Hjónaríma frá 1913



Kristín og Þórður á Æsustöðum.

**Æsustaða iðjumaður nýtur.
Þórður kann að kljást við bú,
Kristín manninn styður trú.**

Þórður Jónsson (1866-1944) og Kristín Vigfúsdóttir (1868-1948) hétu hjónin á Æsustöðum og var Þórður bróðir Jóns í Helgadal. Þórður var forsöngvari í Lágafellskirkju en Hjalti sonur hans var þar organisti um áratugaskeið og tók við búi á Æsustöðum eftir foreldra sína. Halldór Laxness lýsir Æsustöðum sem miklu menningarheimili á sínum bernskuárum, Þórður hafi verið akademiskur í tali en nokkur baðstofukaldur.

**Reyki nyrðri roskinn hirðir Einar.
Ekki mörg þó eigi fén,
Ingibjörg er róleg sén.**

Einar Þórðarson (1845-1937) og Ingibjörg Eyjúlfsdóttir (1864-1947) bjuggu á Norður-Reykjum árið 1913. Um Einar segir Halldór í Í túninu heima: „Hann var þjóðhagi og fleygt niður á allar iðnir, ekki aðeins tré og járn, heldur einnig mestur snillingur í garðhleðslu sem fundinn varð í þeim bygðum.“ Guðlaug dóttir Ingibjargar og Einars varð húsfreyja í Helgadal en Jakob sonur þeirra tók við búinu á Norður-Reykjum í fyllingu tímans.

**Kots Hlaðgerðar kost þó skerðan finni,
Gísli þrotinn geymir hús.
Guðrún notin bætir fús.**

Ábúendur í Hlaðgerðarkoti voru Gísli Gunnarsson (1848-1914) og Guðrún Bjarnadóttir (1854-1936). Árið 1913 var lágreistur torfbær í Kotinu með engu pili. Halldór Laxness segir að Gísli hafi verið „fátækur maður á moldargólfi með stóran barnahóp“ en heldur síðan áfram: „Tuttugu árum síðar uppgötvaðist að þetta auma kot þar sem sólin skín ekki nema rúmlega helmínginn af árinu, það var ein dýrmætust eign á Íslandi, á við margar gullnámur: í hveralæknum þar og volgrunum í kring leyndist sjóðandi vatn sem notað er til að hita upp Reykjavíkurborg.“



Dalsgarður

– við gerum rósir

Blómasala alla daga kl. 9.00-13.00
Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósabóndi/rosefarmer
Dalsgarður 270 Mosfellsbæ Island
Sími/tel. +354 566 7490
Fax: +354 566 7610
Netfang/e-mail: dalsgardur@isli.is

**Ferðapjónustan
og bókaútgáfan**

FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Sími: 566- 7098, 820- 0320
Netfang: bjabja@ismennt.is

Bjarki Bjarnason.

Vorhiminn skín yfir Dalnum



Ólafur á Varmalandi flytur ræðu í veislunni í Hlégarði.

Á nýliðnu ári var hálf öldin liðin frá því Halldór Laxness hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels. Í tilefni af verðlaununum héldu Mosfellingar sveitunga sínum samsæti í Hlégarði hinn 14. febrúar 1956. Hér má sjá Ólaf Þórðarson á Varmalandi flytja ræðu við það tækifæri en hann talaði meðal annars um Barnafélag Mosfellsdalsins sem þeir Halldór voru félagsmenn í þegar þeir voru að vaxa úr grasi í Mosfellsdal. Í veislunni flutti Lára Skúladóttir Norðdahl prestsfrú á Mosfelli eftirfarandi kvæði til heiðurs verðlaunahafanum:

**Blái liturinn blánar
bjartari Íslandsfánar.
Víkingar fagna í valnum
vorhiminn skín yfir Dalnum.**

**Þú lyftir þínu landi
þín list og snilldarandi
Hljómar um menntaheiminn
á hljóðbylgjum yfir geiminn.**

**Öllum sem landinu unna
og listaverk þín meta kunna
hlýnar um hjartarætur
en háfjalladrottningin grætur.**

**Gleðitár hennar glóa
á grundum, holtum og móa
því Íslandsklukkan ómar
um aldaradur hljómar.**

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu Dalalæðunnar:

Erni í Seljabrekku.
Gróðrarstöðin Laugabóli.
Reykjahlíðardrottningin í Reykjahlíð.
Salome og Jóel í Reykjahlíð.
Pétur og Kolbrún á Brávöllum.
Breiðafit.
Jóhanna á Dalsá.
Signý og Jón á Furuvöllum.
Auður og Ómar á Laugabóli.
Anna og Gísli í Brekkukoti.
Örn Kjærnested á Laugabakka.
Margrét og Sigurður í Tjaldanesi.
Fríða og Andrés á Hrisbrú.
Ása og Ólafur á Hrisbrú.
Sveinbjörg og fjölskylda á Víðihól.
Hengill.
Guðbjörg og Sigurður í Reykjadal.
Guðlaug og Baldur frá Reykjadal.
Helga og Logi í Selvangi.
Guðrún og Sigurður í Sigtúni.
Jón og Sigríður Anna á Mosfelli.
Guðrún og Valur á Minna Mosfelli.
Þuríður og Skúli á Röðli.
Herdís og Hreinn í Helgadal.
Sigrún og Daði Þór Einarsson.
Jórunn og Birgir D. Sveinsson.
Steinunn og Sveinbjörn á Heiðarbæ.
Þóra og Bjarki á Hvirfli.
Páll og Katrín í Lundi.
Kristján Sigurðsson í Lundi 2.

Jóhannes Þór Hilmarsson í Lundi 3.
Bára og Páll á Hraðastöðum 5.
Jenny og Guðni í Fagrahvammi.
Guðrún í Brennholti.
Sigríður og Rafn á Hraðastöðum 4.
Eygerður og Jóhannes á Hraðastöðum 1.
Nína og Bjarni á Hraðastöðum 6.
Klara og Bjarni á Hraðastöðum 3.
Guðmundur og Jóna María í Skjóli.
Guðný og Halldór í Melkoti.
Lovísa og Magnús á Hraðastöðum.
Ólafur og Þóra í Roðamóa 19.
Þórarinn og Ragnheiður í Laxnesi.
Emil Pétursson í Lækjarnesi.
Björgvin og Sívía Rut á Vindhóli.
Fjölskyldan í Túnfæti.
Hörður og Sigurlaug á Reykjaflöt.
Ólöf og Helgi í Hlíðunni.
Svava og Sigtryggur í Víðigerði.
Óskar Þ. G. Eiríksson.
Unnur og Jón á Æsustöðum.
Júlíana og Gísli í Dalsgarði 2.
Helga og Rúnar á Norður-Reykjum.
Helena og Gísli í Hveramyri.
Sigrún og Ásgeir frá Víðigerði.
Þórunn og Björn á Varmalandi.
Guðrún og Guðmundur í Skuld.
Helga og Erlingur í Reykjadal.
Stefán og Guðný á Víðibakka.

Dalalæðan þakkar fyrir veittan stuðning.

Þeim, sem vilja styrkja útgáfu Dalalæðunnar, er bent á bankareikninginn
0315-13-700185. Kennitala Víghóls er 641198-2779.

Guðjón S. Valgeirsson
tannlæknir.
Urðarholti 4.
Sími: 566 - 6992



ÍSLANDBANKI

Þverholti 2 Sími 440 4000

Gamlar ljósmyndir



Þessi mynd er tekin eftir leiksýningu í Hlégarði á 6. áratugnum. Leikararnir eru talið frá vinstri: Erlingur Sturla Einarsson á Sólbakka, Arnfríður Ólafsdóttir á Varmalandi, Ólafur Jóhannesson í Lyngási, Halla Aðalsteinsdóttir á Hlaðhömrum, Þórdís Jóhannesdóttir á Heiðarbæ, Janus Eiríksson í Óskoti, Marta María Hálfðanardóttir á Mosfelli og Sigurður Hreiðar á Hulduhólum.




Þegar Hlégarður var vígður í marsmánuði 1951 var öllum Mosfellingum boðið til hátíðar. Hér má sjá sveitungana marsera inn dansgólfið undir hljóðfæraslætti.



Bændur í Hafravatnsrétt, líklega um miðja síðustu öld. Talið frá vinstri: Bjarni á Hraðastöðum, Gestur í Meltungu (í Kópavogi), Kjartan á Hraðastöðum og Andrés á Hrisbrú.



Hermaður við bíl sinn í Mosfellsdal á stríðsárunum. Drengurinn, sem gægist út um framrúðugluggann, er Þórir Ólafsson á Varmalandi.



Ólafur Þórðarson framan við gróðurhúsið sem hann reisti á Varmalandi.



Horfið andartak í Mosfellsdal. Krakkar á hestum og „heyið er upp í sæti sett“.



Gamla íbúðarhúsið á Æsustöðum.

*Dýralæknirinn
í Mosfellsbæ
Þverholti 2 Kjarna*

Bestu þakkir fyrir myndalán fá: Hreinn Ólafsson í Helgadal, Marta María Hálfðanardóttir frá Mosfelli og Þórir Ólafsson frá Varmalandi.



GÍSLASON Kt. 491194-2009

VIÐGERÐIR ehf.

SMÍÐSHÓF-DI 11

SÍMI: 587 2060

FAX: 587 2070

▲ Steinar Gísla

H. sími: 566 6541

▲ Snorri Gísla

H. sími: 566 6595

GSM: 894 3229

BÍLASÍMI: 854 3229

**Vörubílar – Jeppar
Bílavíðgerðir – Breytingar
Girkassaviðgerðir**

Hvað heitir dalurinn?

Dalurinn sunnan við Esjuna og norðan við Mosfell, sem Leirvogsa rennur eftir, virðist ekki ganga undir neinu nafni, að því best er vitað. Ekki nafn er á kortum og hvergi virðist leynt nokkur heimild um heiti hans. Nú er þetta nokkuð dularfullt því smærri og styttri dalir, sem skerast suður í Esjuna, ganga undir ýmsum nöfnum: Grafardalur milli Kistufells og Hátinds, Þverárdalur milli hans og Laufskarða og austast er Svínadalur sitt hvoru megin Svínaskarðs milli Móskaðshjúka og Skálafells.

Á Norðurlandi og sjálfsgagt víðar á landinu eru oft tvínefni á dölum, t.d. í sunnanverðum Eyjafirði ganga a.m.k. tveir dalir undir tveimur nöfnum, eftir því hvoru megin árinna maður er. Í mynna dalsins eru bæir sitt hvoru megin árinna sem dalurinn dregur nafn sitt af. Annar dalurinn nefnist austan ár Núpufellsdalur en Þormóðsstaðadalur að vestan. Þá er Finnastaðadalur og Hraungerðisdalur sami dalurinn sunnan Kerlingar.

Eftir þessari venju á Norðurlandi mætti hugsa sér að dalurinn milli Mosfells og Esju væri kenndur við Hrafnhóla og/eða Skeggjastaði. Ef til vill Þverárkot en fáir dalir eru nefndir eftir kotum, nema þeir séu þá því minni.

Að mörgu leyti væri eðlilegt að nefna dalinn

eftir ánni og nefna hann Leirvogsdal eða jafnvel Leirvogsdal. Sunnan við Mosfell er auðvitað Mosfellsdalurinn. Spurning er hvort þeir hafi einhvern tíma verið tveir sitt hvoru megin fellsins, sá syðri og sá nyrðri. Hér er auðvitað einungis um ágiskun að ræða.

Stardalur nefnist austasti bærinn í Reykjavík, áður Kjalarnesi, sunnan Skálafells. Þessi bær var oft í eyði fyrir á tímum. Á þeim slóðum er fornt eyðibýli eftir elstu heimildum að dæma og hét Múli en ekki er vitað hvar það stóð nákvæmlega. Spurning er hvort dalurinn, sem Leirvogsa rennur um, hafi ekki upphaflega verið nefndur Stardalur. Einhvern tímann síðar hafi komist sú venja á að nefna innsta hluta dalsins svo en einhverra hluta vegna hafi vestari hlutinn ekki fengið neitt nafn.

Þegar gróðurfar, einkum sunnan Leirvogsar, er kannað eru víða miklar starabreiður eins og t.d. í Sveinamýri. Sú staðreynd rennir stoðum undir að Stardalur hafi náð mun vestar en nú er talið gott og gilt.

Verður nú látið staðar numið í örnefna-hugleiðingum en fróðlegt væri að heyra eða sjá athugasemdir um þessar þælingar.

Guðjón Jenson.

Með kveðju frá V- Skaft

Dulítið eru þeir drykkfeldir
Dalbúar fyrr og nú.
Taumlausir og tviefldir
taka þeir vinstri snú.

Óskar Þ. G. Eiríksson.

Álafoss verksmiðjusala

Opið virka daga kl. 10-18
laugardaga kl. 10-14
Sími: 566-6303 Fax: 566-8330

Verið velkomin.

S: 566 - 8188



**Bifreiðaverkstæði
Guðvarðar
og Kjartans.**

Sími 566 - 6257



Aðalbjörg Sigríður Guðmundsdóttir

f. 23. júlí 1921, d. 29. desember 2005

Aðalbjörg Sigríður Guðmundsdóttir, stórvinkona allra sem tengjast Mosfellsdalnum, hefur kvatt.

Hún var kona margra kynslóða. Ekki síðri vinur okkar sem yngri töldumst, heldur en foreldrana. Með reglulegu millibili hringdi hún í okkur „krakkagreyin“ sem við vorum alla tíð í hennar augum. Það voru með skemmtilegri símtölum sem maður fékk, löng, viðfeðm, vitur og umfram allt sterkrydduð af orðheppi og myndni. Aðalbjörg var afskaplega myndin kona. Skarpgreind og vel að sér, sá margar hliðar á málunum og lét sig flest varða. Áhugi hennar á hvernig fólk plumaði sig í lífinu var mikill og einlægur.

Einu sinni þegar ég var ung, þá gifti ég mig í stofunni heima hjá henni. Séra Bjarni Sigurðsson sóknarprestur á Mosfelli stýrði athöfninni. Ekki voru aðrir viðstaddir en þau hjónin. Giftingarvottarnir höfðu ekki nennt, enda ungt og sprækt fólk. Höfðu samt hripað niður nöfnin sín á til þess gerðan miða. Við hjónaleysin settumst í sófann og stofan var blómum prýdd. Þórunn heitin, dóttir þeirra, jafnaldra mín og vinkona, hafði orðið stúdent deginum áður.

„Eruði bara ein?“ spurði Aðalbjörg. „Já“. Einmitt það. Hún bað okkur og mann sinn að hinkra í korter. Að því liðnu birtist hún í stofudyrnum, búin að punta sig frá toppi til tár. Hávaxin, ljóshærð í himinbláum kjól. Glæsileg. Hún ætlaði fyrir sitt leyti að vera vottur að þessari hjónavígslu.

Séra Bjarni er í miðju kafi að blessa þetta allt saman þegar mér verður litið til Aðalbjargar. Ég hafði heyrt eitthvert skrytið hálfkæft tíst í bland við andköf. Þarna stóð hún, dökkbleik í framan og hélt fyrir munninn. Svo sprakk hún. Þess má geta að hlátur hennar var jafn stórkostlegur og konan sjálf.

„Æ, ég ræð ekkert við þetta, mér finnst eitthvað svo hlægilegt að sjá þig, stelpugreyið vera að gifta þig.“ Sótti því næst stúdentskampavínið hennar Tótu að skála í, á meðan hún pakkaði inn í skrautpappír kjól, húfu og litlum skóm, sem hún hafði prjónað, handa Auði dóttur minni. Svo fórum við öll í brúðkaupsveisluna upp í Gljúfrastein.

En á hinn bóginn var Aðalbjörg alvarleg. Svo alvarleg að ekki sáust svipbrigði og augnaráðið varð eilítið starandi og annars hugar.

Í löngum og yfirgripsmiklum símtölum sem voru á ágætis róli varð skyndilega þögn, sagði svo: „Vertu blessuð“ og lagði á. Við erum nokkrar vinkonur hennar af yngri kynslóð sem höfum tekið þessa kveðjuaðferð upp. Hún er svo hrein og bein. Laus við loforð og falskar væntingar um eitthvað, einhvern tíma, einhverstaðar. En þessa kveðju geta þeir einir notað sem þekktu Aðalbjörgu.

Fjórða janúar nýliðinn var að venju varla stætt í kirkjugarðinum á hólnum þar sem Mosfellskirkja stendur sæl með sig og sína. Við stóðum yfir moldum Aðalbjargar, prestfrúarinnar og vinkonunnar, sem hafði fylgst með okkur, sumum, frá því við fengum minnið - og til hinsta dags. Tárin fuku út í slagviðrið. Ekki laust við að „krakkagreyin“ sem fylgdu henni síðasta spólinn, væru ekki lengur jafn fótviss og hana minnti.

Ég votta Bjarka vini mínum, Sif, Ýri, Þóru og öllum afkomendum Aðalbjargar dýpstu samúð. Blessuð sé minning Aðalbjargar Sigríðar Guðmundsdóttur.

Sigríður Halldórsdóttir.




Margrét Einarsdóttir

f. 10. ágúst 1922, d. 7. september 2005

Margrét Einarsdóttir var fædd á bænum Lambhaga í Mosfellsveit 10. ágúst 1922. Foreldrar hennar voru Einar Björnsson bóndi og Helga Magnúsdóttir sem var ljósmóðir sveitarinnar 1921-1946. Þau Einar og Helga fluttu að Laxnesi í Mosfellsdal árið 1928 og bjuggu þar í tvíbýli með Eyjólfí Björnssyni, sem var bróðir Einars, og Guðrúnu Guðmundsdóttur.

Margrét ólst upp í Laxnesi frá sex ára aldri og bjó í Mosfellsveit alla tíð. Árið 1949 giftist hún Jörundi Sveinssyni loftskeytamanni og settust þau að á Litlalandi sem stóð vestan við Brúarland og var byggt á hernámsárunum. Eftir það var hún kennd ætíð kennd við Litlaland.

Jörundur og Margrét eignuðust fimm börn en þau eru: Hildur f. 1949, Helga f. 1952, Halla f. 1959 og tvíburarnir Einar og Sveinn f. 1963. Jörundur lést árið 1968, þegar öll börnin voru innan við tvítugt, en Margrét stóð ein áfram fyrir búi á Litlalandi. Hún starfaði hjá Pósti og síma í fjöldamörg ár þar sem hún var einstaklega vel liðin af öllum.



REYKJABÚÍÐ

REYKJUM • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 566 6800



Phone: (354) - 566 7310

Mobile: (354) - 896 0131

Fax: (354) - 566 7241

E-mail: namo@namo.is

www.namo.is

Box: 285

Bank: 549-26-4333

Cip code: tsbaistre

Johann Gudjonsson



Ásland 18 • 270 Mosfellabær • ICELAND

- Afmælisveislur
- Fermingarveislur
- Sælkeraveislur
- Jólahlaðborð
- Þorablót
- Árshátíðir
- Brúðkaupsveislur
- Erfisdrykkjur
- Ráðstefnur
- Fundir
- Ættarmót
- Pinnamatur
- Hlaðborð
- Smáréttir

Helgárdur



VEISLUGARÐUR

Veisluþjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097



Sigvaldi Gústafsson

f. 30. júní 1945, d. 25. október 2005

Ég kveð Sigvalda Gústafsson með þakklæti fyrir hjartnæm en allt of stutt kynni. Við hittumst fyrst á Tjaldanesi í Mosfellsdal fyrir tveimur árum og þá heillaðist ég strax af þessum rauðhærða, tilfinninganæma en þó ædrulausa húmorista. Daginn út og inn hlustaði hann á tónlist, - ef tók voru á. Uppáhaldssöngvarinn var Vilhjálmur Vilhjálmsson og hljómtækin voru stillt hátt, - ef aðstæður leyfðu. Og hann söng með af hjartans lyst á sinn hátt, - og ef vel stóð á. Lögín gerði hann ýmist glaðan eða angurværan því hughrifin sveifluðust með tónlistinni eins og gerist hjá tilfinningaverum.

Hann var vissulega bæði tilfinningavera og listunnandi en ómannúðlegur tíðarandinn varðandi fatlaða gerði honum ókleift að rækta með sér þessar guðsgjafir. Þegar hinum árlegu Vinartónleikum var sjónvarpað frá RÚV hallaði hann sér með ákafa fram í stólnumog viðkvæmnin birtist í tárbotum augum þegar mjúkir og seiðandi Straussvalsarnir ómuðu. Sá hefði nú notið þess að sveiflast í dansi, hring eftir hring með glæsimey í fangi, - en hann átti þess aldrei kost.

Sigvaldi fékk í fyrsta skipti eigið launaumslag í hendurnar árið 2003, þá 58 ára gamall, aðeins tveimur árum fyrir andlátíð. Óstyrkar hendurnar veltu umslaginu fram og til baka og loks fékk hann aðstoð við að opna það. Hann var lengi að draga rauða 500 króna seðilinn upp úr umslaginu. Hann hafði unnið fyrir þessum peningum sjálfur. Það hafði reyndar tekið nokkuð margar vinnustundir því þetta voru mánaðarlaunin, - en að vísu ekki fyrir 100% starf. Nú gæti hann kleypt sér súkkulaði eða aðra munaðarvöru fyrir útborgunina, - ef og eða þegar tækifæri gæfist.

Sesselja Guðmundsdóttir.

Hlin Blómahús
Erum í leiðinni
stutt til allra átta...
Mosfellsbæ



Háholti 18 v/Vesturlandsveg
S. 566 8700 / 566 8588
www.blomhus.is



Vinnustofa Þoru á Hvirfli er opin
eftir samkomulagi, s. 566-7098 og 820-0321.

MOSFELLINGUR

Frjálst og óháð bæjarblað



Opnunartími:

Sunnudaga til fimmtudaga 11-23
Föstudaga og laugardaga 11-03

**Ferðahestar
Hestaleiga ehf.**

**Símar: 894-7200
og 566-7600**



Pverholti 5
270 Mosfellsbæ
Sími 566 7625

gsm 894 1825
heima 566 7628
essinn@simnet.is



www.simnet.is/essinn

Alltíða innrómmun
s.s. handverk, málverk,
ljósmyndir, speglar o.fl.

OPIÐ:
virka daga
12:00-18:00
og eftir
samkomulagi

*Auðlýsing í
Dalalæðunni*

*ber ótvíræðan árangur.
Auðlýsingagæðlin*



Ísfugl

Reykjavegur 36 Mosfellsbær
Sími: 566 6103 - Fax 566 6762

Innheimtulausnir ehf.
markviss innheimtuleið

Innheimtulausnir ehf
Hlíðarsmára 15
Kópavogi s.530 9100

Suðurnesjamet í hægferðugheitum



„Í ófærð þeirri sem undanfarið hefur verið á þjóðvegum vorum og öllum er nóg samlega kunn, skeði það einn daginn, að áætlunarbíll þeirra Moskvíta var þrjár klukkustundir og hálfu betur þó frá Brúarlandi að Lágafelli, en þar gaf hann loksins upp öndina og mátti sig þá að vonum hvergi hræra. Mun þetta vera Suðurnesjamet í hægferðugheitum. Þetta hefði ekkert verið ef ekki sjálfur Laxness

hefði ekki verið einn farþega, en fyrir bragðið verður það munað. Þó er rétt að taka það fram, að fregnin er ekki úr Þjóðviljanum, heldur úr Mogganum, og er hún tekin upp hér, uppá síðari tímann til að gera, ef henni skyldi sleppt úr ritum Veðurstofunnar.“

Spegillinn 2. tbl. 32. árg., febrúar 1957.



Þverholti 2

Nýju sleipiefnin komin.

Allar bragðtegundir:

jarðaberja, vanillu, kúmen, súkkulaði

**Alma Þ. G. Óskars.
Sími: 566 - 567**

Annáll ársins 2005

Porrablót

porrablót var haldið í Hlégarði þann 29. janúar. Mættu þar 220 manns og var það metaðsókn. Brak og brestir tóku á móti gestum og Smalakórinn söng nokkur lög með lúðrasveitinni. Síðan var porratatnum góða frá Vigni gerð góð skil. Farið var í samkvæmisleiki, sunginn fjöldasöngur og Birgir Sig. fór á kostum í annál ársins.

Hljómsveitin Blek og byttur sá svo um fjörið fram eftir nóttu og sungu Diddú, Daði Þór og Duna nokkur lög af öllum lífs- og sálarkróftum með hljómsveitinni. Veislustjóri var Guðmundur á Reykjum.

Aðalfundur

Aðalfundur Víghóls var haldinn í Bakkakoti 13. desember sl. Stjórn félagsins var endurkjörin en hana skipa: Guðrún Karlsdóttir (Gógó) formaður, Gísli Snorrason ritari, Helgi Már Karlsson gjaldkeri og Þorkell Jónsson varamaður.

Framkvæmdir

Nokkur nágrannavörsluskilti voru sett upp í Dalnum á síðasta ári. Skógarkerfilsátakið fékk, vægast sagt, ekki skilning né stuðning hjá garðyrkjustjóra Mosfellsbæjar. Dalbúar verða að taka það mál í sínar hendur á sumri komanda.

Áramótavarðeldur

Áramótavarðeldur var tendraður á gamlárskvöld og logaði glatt. Athugasemdir komu frá heilbrigðisfulltrúa um staðsetningu varðeldsins o.fl. Hvað er brenna og hvað er varðeldur? Hvar, hvernig, hver og hverjir? Fimm spurningar komnar fyrir næsta aðalfund!



Gógó Karls.

Porrablót Dalbúa 2006

Dalbúar, brottfluttir og gestir, mætum öll í Hlégarð laugardaginn 28. janúar.

Húsið opnar kl. 19 með Braki og brestum en borðhald hefst kl. 20.

Hljómsveitin Blek og byttur leikur fyrir dansi.

Miðaverð er 4200 krónur en eftir borðhald 1500 krónur.

Miðapantanir hjá nefndinni:

Andrés, s. 862-4719. Einar, s. 899-6462. Gullý, s. 864-6882.

Jóhanna, s. 899-0378. Silla, s. 898-0216. Þór, s. 846-5905.